

**Mál nr. 40/2017****M og  
vátryggingafélagið V v/launþegatryggingar A.****Tognun á hægri rist 13. janúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.2.2017, ásamt fylgiskjölum

**Málsatvik.**

M, sem starfaði við aðhlyningu hjá A, var að ganga eftir gangi þegar hjúkrunarfræðingar á vakt kallar í hana. Sneri M sér snögglega við með þeim afleiðingum að hún féll og bögglaði hægri fót undir sér en lent svo með mjöðmina á gólfinu. Við þetta tognaði M á hægri rist. M krafði V um viðurkenningu á bótaskyldu á grundvelli slysatryggingar launþega sem A var með hjá félaginu. Þeirri kröfu var hafnað þar sem V taldi skilryði slyshugtaksins ekki uppfyllt, þ.e. að ekki hafi verið um neinn utanaðkomandi atburð sem olli tjóninu að ræða.

M telur að líkamstjón sitt hafi orsakast vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar, þ.e. þegar líkami hennar snertir gólfíð þegar hún fellur. Vitnar hún til dóms héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-2470/2015 þar sem fram kemur að ef snerting einhvers utan líkama veldur meiðslum skyndilega teljir það vera slys.

Í bréfi V, dags. 22.2.2017, kemur fram að félagið telji ljóst af tilkynningum um atvikið til Vinnueftirlitsins, Sjúkratryggingar Íslands og til V, að líkamstjónið megi rekja til þess að M hafi misstigið sig en ekki til þess að hún hafi fallið í gólfíð. Sama atvikalýsing kemur fram öllum vottorðum. Hvergi sé minnst á áverka eftir fall, en M féll á vinstri mjöðm í kjölfar misstigsins. V telur því ljóst af gögnum málsins að fallið í kjölfar misstigsins olli ekki tjóninu heldur væri um að ræða álagsmeiðsl vegna misstigsins. Það sé ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið misstiginu. Álagsmeiðsli og meiðsli sem eiga sér stað inna líkama hins vátryggða séu almennt ekki talin vera slys í skilningi slyshugtaksins. Þá telur V að framangreindur dómur fjalli ekki um sambærilegt atvik og í þessu máli þar sem óumdeilt er í því máli að líkamstjón megi rekja til falls í jörðina en þar var aðallega deilt um orsök fallsins.

**Álit.**

Ósannað er að M hafi meiðst á hægri rist við fall og þar með skyndilega snertingu við gólfíð á vinnustaðnum. Gögn málsins bera þvert á móti með sér að meiðslin hafi orðið áður en M skall í gólfinu og lenti á vinstri mjöðm. Þegar af þeirri ástæðu verður að líta svo á að ekki sé um slys að ræða í skilningi slyshugtaksins í vátryggingarskilmálum V, þar sem ekki er um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. M á því ekki rétt á bótum frá V úr slysatryggingu launþega.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.